

Fræsöfnun lauftrjáa

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Kynnast því hvaða tré og runnar þroska fræ, hvenær rétti tíminn er til að safna fræinu og hvernig á að geyma fræ. Fylgja frætíslunni eftir með því að sá fræinu, fylgjast með því spíra og verða að trjáplöntu. Þjálfar leikni nemenda á vettvangi og eflir hæfni í verklegu námi

Námsgreinar: Náttúrufræði, heimilisfræði, stærðfræði, lífsleikni.

Aldur: Miðstig og elsta stig.



VERKLÝSING

Farið í fræsöfnunarleiðangur að sumri og hausti. Fjallað um verkefnið og tilgang áður en lagt er upp í vettvangsferð. Kortlagt hvar fræ er að finna, teknar prufur og spírunarhæfni prófuð, efniviður settur í geymslu og berjum sáð í potta, bakka eða beð. Einhver einnig notuð til skreytinga eða sultugerðar.

Lauftrjátegundir kortlagðar fyrir fram eða í ferðinni og skráður aldur þeirra trjáa og staðsetning sem hafa að geyma ber eða frærekla. Á pokana er skráð af hvaða tré hvaða fræ eru og viðkomandi tré merkt með lýsingu eða borða svo hægt sé að rekja uppruna fræsins. Finna má þroska berjanna með því að kreista þau á milli tveggja fingra og ef þau eru orðin kröm má ætla að þau séu orðin fullþroskuð. Greina má þroska berjanna á litnum, s.s. litur reyni-berjanna verður hárauður þegar berin eru fullþroskuð, nema gráreyniberin og ber silfurreynisins sem verða rauðbrún. Það er einmitt þá sem fuglarnir byrja að éta þau svo það er eins gott að hafa hraðan á. Oft er að finna ber á jörðinni undir trjánum sem fuglarnir geyma sér þar til allt annað er búið. Fræjunum þarf að ná úr berjunum því annars spíra þau ekki. Jafnframt þurfa þau að frjósa til að spíra. Berin má einnig nota í borðskreytingu og í háls-festar. Hefð er fyrir sultugerð úr reyniberjum, s.s. í Noregi. Rifsber og sólber eru kjörin í sultur. Ef safna á fræi af víðitegundum, s.s. selju, ösp eða víði, verður slíkt að gerast í júní eða u.þ.b. þegar fræullin fer að fjúka af trjánum. Innan í henni má finna örsmá fræ sem hægt er að sá.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Pokar úr plasti, taui eða pappír fyrir hvern og einn eða sameiginlegt.

Fatnaður eftir veðri.

E.t.v. þarf stiga til að komast upp til að ná berjum og könglum. Ýmsir berjarunnar og einstakar trátegundir, s.s. birki, elri og reynitegundir, byrja ungar að framleiða ber og fræ.